



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

Jón Benjamínsson
Gestur Gíslason
Þorsteinn Thorsteinsson

JARÐHITASVÆÐIÐ URRÍÐAVATNI
Efnagreiningar, líkanhugmynd, orkuvinnsla

OS-82129/JHD-16
Reykjavík, desember 1982

Unnið fyrir Hitaveitu
Egilsstaðahrepps og Fella



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Jón Benjamínsson
Gestur Gíslason
Þorsteinn Thorsteinsson

JARÐHITASVÆÐIÐ URRÍÐAVATNI
Efnagreiningar, líkanhugmynd, orkuvinnsla

OS-82129/JHD-16
Reykjavík, desember 1982

Unnið fyrir Hitaveitu
Egilsstaðahrepps og Fella

AGRIP

Hitaveita Egilsstaðahrepps og Fella tók til starfa um áramótin 1979/1980. Fyrstu árin notaði hitaveitan jarðhitavatn úr borholum 4, 5 og 6 við Urriðavatn. Vatnið frá holum 4 og 5 kólnaði stöðugt frá því dæling úr þeim hófst. Vatnshiti holu 4 var 52,2°C um miðjan október 1982 en hitafallshraði síðustu 18 mánuði þar á undan nemur 3,9°C/ár. Vatnið frá holu 5 var 50,8°C í október 1982 en var 53,1°C í upphafi, í janúar 1981. Hitafallshraðinn í holu 5 reiknast því helmingi hægari en í holu 4. Frá því í júní 1982 var dæling úr holu 5 minnkuð um 1/5 af upphaflegum dæluafköstum. Vatn hætti þá að kólna í holu 5 og einnig tók nær fyrir kólnun í holu 4.

Vatnsborðsferlar úr borholunum við Urriðavatn benda til leka utan frá inn í jarðhitakerfið. Lekastuðull er hæstur í holu 4 og er áætlað að vinnsla úr henni orsaki 5 sinnum meiri leka inn í jarðhitageyminn en sambærileg vinnsla úr holu 5. Jafnframt reiknast vatnsleiðni helmingi meiri við holu 4 en við holu 5. Vísbendingar um afmarkaða heitavatnsleiðara á jarðhitasvæðinu við Urriðavatn koma fram í viðbrögðum vatnsborðs mælingahola við breytingum á aðdráttarafli tungls og sólar.

Dregið er upp blöndunarlíkan af jarðhitakerfinu reiknað út frá hegðun klórs og flúors við lakkandi hita borholuvatnsins. Kólnunin er talin stafa af blöndun grunnvatns í jarðhitakerfið úti í berginu. Með sama kólnunarhraða og varð fyrstu 18 mánuðina verður hitinn í holu 4 kominn niður í 45°C um mitt ár 1984 en um mitt ár 1986 í holu 5.

EFNISYFIRLIT

	Bls.
AGRIP	2
EFNISYFIRLIT	3
TÖFLUSKRÁ	5
MYNDASKRÁ	6
1 INNGANGUR	8
2 BORHOLUR	9
3 VATNSLEIÐNI OG LEKASTUÐLAR	12
4 SÖFNUN OG EFNAGREINING	19
5 NEYSLUHÆFNI - ÚTFELLING - SÚREFNI - GAS	21
6 SAMSETUR OG UPPRUNI JARÐHITAVATNS	24
7 EFNAHITI	29
8 KÓLNUN	34
9 BLÖNDUN	36
10 BLÖNDUNARLÍKAN	40
11 ORKUVINNSLA	46
12 BORHOLA 6	49
13 UMRÆÐA	50
14 NIÐURSTÖÐUR	54
HEIMILDASKRÁ	55

VIÐAUKAR

Bls.

Viðauki I:	Daglegar mælingar við holu 4 frá upphafi; straumur, spennna, þrýstingur á dælu, þrýstingur á kerfi, niðurdráttur, vatnshiti, vatnsmagn	57
Viðauki II:	Daglegar mælingar við holu 5 frá upphafi; straumur, spennna, þrýstingur á dælu, þrýstingur á kerfi, niðurdráttur, vatnshiti, vatnsmagn	75
Viðauki III:	Daglegar mælingar við holu 6 frá upphafi; straumur, spennna, þrýstingur á dælu, þrýstingur á kerfi, niðurdráttur, vatnshiti, vatnsmagn (mælistaða)	87
Viðauki IV:	Niðurstöður klór-, flúor-, kísil-, kalium- og natríummælinga á vatni úr borholum 4, 5 og 6	91

TÖFLUSKRÁ

	Bls.
Tafla 1 Borholuskrá	9
Tafla 2 Vatnsleiðni, vatnsrýmd og tregðustuðlar	15
Tafla 3 Vatnsleiðni og lekastuðlar	16
Tafla 4 Niðurstöður efnagreininga á vatni úr sjálfrennsli holu 4, Urriðavatni	20
Tafla 5 Niðurstöður efnagreininga á vatni frá reynslu-dælingu úr holu 4 sumarið 1978	20
Tafla 6 Niðurstöður heildarefnagreininga á vatni sem dælt var úr holum 4, 5 og 6 auk greininga á vatni sem rann úr holum 1 og 3 og Urriðavatni	20
Tafla 7 Mælingar á uppleystu súrefni í vatni Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella	22
Tafla 8 Samsetning og hlutfall gass í borholum 4, 5 og 6 Urriðavatni og í stofnæð HEF auk einnar greiningar úr vök á vatninu	22
Tafla 9 Mælingar á samsætum, klór og flúor í vatni frá borholum 4, 5 og útrennsli Urriðavatns	25

MYNDASKRÁ

	Bl.s.
Mynd 1 Urriðavatn. Afstöðumynd	11
Mynd 2 Urriðavatn, hola-4. Hækkun vatnsborðs eftir stöðvun dælu 24. júní 1982	13
Mynd 3 Urriðavatn, hola-5. Vatnsborð 13. júlí 1982	13
Mynd 4 Urriðavatn, hola-6. Vatnsborð 17. nóvember 1981 eftir 7 klst loftdælingu	14
Mynd 5 Urriðavatn, hola-3. Hækkun vatnsborðs 22. ágúst 1978	14
Mynd 6 Urriðavatn. Holur-4 og 5 við Urriðavatn. Reiknaður niðurdráttur	16
Mynd 7 Urriðavatn. Hola 3. Áhrif tungls og sólar á vatnsborð 17.-21. ágúst 1978	18
Mynd 8 Einfölduð mynd af veitukerfi HEf er sýnir hvar í kerfinu uppleyst súrefni í vatni hefur verið ákvarðað	23
Mynd 9 Tengsl vetnis- og súrefnissamsætna í borholum 4 og 5 og Urriðavatni	25
Mynd 10 Gildi vatns- og súrefnissamsætna á móti klór- og flúorstyrk í Urriðavatni og borholum 4 og 5	26
Mynd 11 Dreifing Deuterium í úrkomu á Austurlandi og hugsanleg upptök jarðhitavatnsins við Urriðavatn ...	28
Mynd 12 Urriðavatn. Efnainnihald í borholum 4, 5 og 6. Breytingar með tíma	31
Mynd 13 Urriðavatn. Efnahiti vatns frá borholum 4 og 5	33
Mynd 14 Urriðavatn. Kalíum á móti natríum í holum 4 og 5	33
Mynd 15 Urriðavatn. Spá um hitafall miðað við núverand afköst	35
Mynd 16 Urriðavatn. Klór á móti hita	37
Mynd 17 Urriðavatn. Klór á móti flúor	38

	Bls.
Mynd 18 Urriðavatn. Samsætur vetnis á móti samsætum súrefnis	39
Mynd 19 Blöndunarlíkan. Tímabil: Apríl 1980	41
Mynd 20 Blöndunarlíkan. Tímabil: Október-nóvember 1980	41
Mynd 21 Blöndunarlíkan. Tímabil: Janúar 1981	43
Mynd 22 Blöndunarlíkan. Tímabil: Apríl 1981	43
Mynd 23 Blöndunarlíkan. Tímabil: Apríl 1982	44
Mynd 24 Blöndunarlíkan. Tímabil: Október 1982	44
Mynd 25 Urriðavatn. Klór á móti kísli	45
Mynd 26 Urriðavatn. Klór á móti natríum	45
Mynd 27 Urriðavatn. Klór á móti kalíum	45
Mynd 28 Urriðavatn. Reiknað hitastig á vatni inn á veitu ...	47
Mynd 29 Urriðavatn. Orkuvinnsla HEF úr borholum	47
Mynd 30 Urriðavatn. Orkuvinnsla á móti hitastigi í borholum 4 og 5	48
Mynd 31 Urriðavatn. Núverandi vatnsborð og líklegt vatnsborð eftir 5 m lækkun	51

1 INNGANGUR

Í skýrslunni er gerð grein fyrir jarðefnafræðilegri rannsókn á vatni úr borholum Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella að Urriðavatni til ársloka 1982. Hitaveitan tók til starfa um áramótin 1979/1980 og notaði þá vatn úr borholu 4. Um áramótin 1980/1981 var borhola 5 tekin í notkun og borhola 6 í ágúst 1982. Vatnið frá borholum 4 og 5 kólnaði samfelld frá því þær voru teknar í notkun. Nýtilegt varmaafli ($>37^{\circ}\text{C}$) úr holu 4 var í október 1982 um 57% af upphaflegu varmaafli 34 mánuðum áður. Varmaafli í holu 5 var í október 1982 um 85% af upphaflegu varmaafli sem fékkst 22 mánuðum áður. Hola 6 var tekin í notkun í lok ágúst 1982 og gaf hún um 24% af nýtanlegu varmaafli borhola 4, 5 og 6. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir kólnuninni og orsökum hennar.

Frá því að hitaveitan tók til starfa um áramótin 1979/1980 voru tekin vatnssýni reglulega til efnagreininga á jarðefnastofu Orkustofnunar í Reykjavík. Jafnframt var nær daglega fylgst með hitastigi vatnsins sem dælt var og niðurdrætti í borholum (sjá Viðauka I, II og III). Tilgangur sýnatökunnar var að fylgjast með breytingum í efnainnihaldi vatnsins og hvort þannig mætti sjá fyrir blöndun kalds grunnvatns eða önnur óþægileg fyrirbrigði. Einkum var fylgst náið með klórstyrk í vatninu. Vorið 1982 voru öll sýni sem höfðu verið tekin til eftirlits, 124 talsins, efnagreind á jarðefnastofu Orkustofnunar. Greind voru efnin kísill (SiO_2), natríum (Na), kalíum (K) og flúor (F). Síðan hafa verið greind 27 sýni, sem tekin voru sumarið og haustið 1982. Þeim síðustu var safnað 14. og 15. október 1982. Sýni til heildarefnagreininga hafa verið tekin tvisvar á ári. Þá hefur einnig verið safnað gasi og uppleyst súrefni mælt í vatninu, auk athugunar á útfellingum. Niðurstöður þeirra mælinga hafa birst í þremur greinargerðum Orkustofnunar (Jón Benjamínsson 1980; 1981; Jón Benjamínsson & Gestur Gíslason 1982).

Árið 1981 voru samsætuhlutföll athuguð í sex sýnum. Var það gert fyrir tilstilli prófessors H. Sakai á Institute for Thermal Spring Research, Okayama University í Japan.

Í upphafi voru hitamælingar á hitaveituvatninu gerðar með kvikasilfursmæli. Hinn 26. mars 1981 var byrjað að nota rafeindamæli sem sýnir aflestur í tölum upp á 1/10 hluta úr gráðu. Þessi mælir sýnir $1,1^{\circ}\text{C}$ lægra hitastig heldur en fyrri mælar. Eldri mælingar voru leiðréttar með tilliti til rafeindamælisins en það auðveldar samanburð í túlkun.

2 BORHOLUR

Jarðhitasvæðið við Urriðavatn liggur úti í sjálfu vatninu og jarðhita verður ekki vart á landi. Í skýrslu Jóns Jónssonar (1964) um jarðhitaathuganir á Austurlandi segir að 2. janúar 1963 hafi fyrst verið vitað með vissu að jarðhiti væri á botni Urriðavatns, en þá mældist 25°C hiti á botni vatnsins í einni vökinni. Síðar sama vetur fannst jarðhiti víðar í vatninu, hæst 59,5°C (Jón Jónsson 1964). Ekki er vitað um að heitavatnssýni hafi verið tekin úr jarðhitasvæðinu að Urriðavatni fyrr en haustið 1963 þegar sýni var tekið einn morguninn af vatni sem rann upp úr holu 1 sem þá var í borun, orðin 96,5 m djúp. Holan varð 116,5 m djúp miðað við vatnsborð Urriðavatns. Við hitamælingar niður um vakir í nær eins meters þykkum ís á Urriðavatni í mars 1982 fannst ekkert heitavatnsstreymi frá botninum. Hins vegar mældist sumsstaðar óvenju hár hitastigull í botnleðjunni sem bendir til varmastreymis neðan frá, þ.e. jarðhita (Jón Benjamínsson & Gestur Gíslason 1982). Boraðar hafa verið sex holur eftir heitu vatni á jarðhitasvæðinu og er lega þeirra sýnd á mynd 1, en tafla 1 er borholuskrá ásamt lista yfir uppteiknaðar hitamælingar í holunum.

TAFLA 1 Borholuskrá

Borhola	Bor	Verk nr	Bortími	Dýpi m	Lengd fóðringar m	Númer teikninga af hitamælingum
1	Sullivan 3	580	24/9 - 8/10 1963	112,4	7,1	14056
1	Narfi	2010			steypt	
2	Sullivan 3	580	18/10 - 5/11 1963	116,8	6,4	8952, 13315, 14094, 14198
2	Craelius 1 (dýpkun)	939	10/11 - 5/12 1967	192,6		
2	Narfi	2010			steypt	
3	Glaumur (Wabco)	2432	8/11 '75-25/1 1976	1152		13688, 13689, 13928, 13929, 13930, 13931, 14051, 14052, 14053, 14054, 14055, 14060, 14122, 14123, 16560
3	Narfi (dýpkun)	2010	19/7 - 24/8 1977	1454		
3	Glaumur	2462	3/7 - 13/7 1980		142	
4	Narfi	2010	25/8 - 18/10 1977	1600	160	16236, 17317, 17318, 16561
5	Höggbor 3	0126	20/12 '79 - 17/1 '80	18,0		0850
5	Glaumur	2462	16/4 - 3/7 1980	851	190	
6	Höggbor 3	0139	15/7 - 30/7 1981	30,2		1358, 1487, 1489
6	Glaumur	2475	3/9 - 17/11 1981	877	216	

Hitamælingar númer 0122, 0159 og 1488 sýna hitaferla saman í holum 3, 4, 5 og 6.

Borhola 1 var boruð af borfleka úti á Urriðavatni niður í 116,2 m dýpi miðað við vatnsborð en 112,4 m miðað við vatnsbotn (Jarðboranir ríkisins 1963). Borað var nyrst í vakasvæðið og að borun lokinni vætlaði tæplega 60°C heitt vatn úr holunni upp um stút sem var 30 cm ofan við vatnsborð. Í holuna var steypt árið 1977, þegar í ljós kom við þrýstiprófanir í holu 4 að greiður samgangur var á milli holanna.


Hola 2 var boruð á austurbakka Urriðavatns um 250 m fyrir sunnan holu 1 og strax að lokinni borun hennar. Hola 2 var boruð niður í 116,8 m en í borlok rann ekkert vatn úr henni (Jarðboranir ríkisins 1963). Borhola 2 var seinna dýpkuð niður í 192,6 m haustið 1967 án árangurs (Jarðboranir ríkisins 1967). Sumarið 1980 var hún fyllt upp þegar þrýstiprófanir fóru fram í holu 5 þar sem allnokkur samgangur reyndist þar á milli.

Borhola 3 var boruð veturinn 1975/1976 við hliðina á holu 2 niður í 1152 m (Jarðboranir ríkisins 1975 og 1976). Þrýstidælt var á holuna og í lok þeirrar aðgerðar var talið að fá mætti úr holunni 8 l/s (Benedikt Steingrímsson o.fl. 1976). Í lokin vætlaði rúmlega 40°C heitt vatn úr holunni. Hún var dýpkuð sumarið 1977 niður í 1454 m (Jarðboranir ríkisins 1977). Engar nýtanlegar vatnsæðar fundust í holunni, en úr henni vætlaði annað slagið um 40°C heitt vatn eða þar til að vinnsla hófst úr holu 4, en við það lækkaði vatnsborðið í holu 3. Síðan hefur vatnshæð verið mæld í holu 3 til könnunar á niðurdrætti á vinnslusvæðinu. Steypt var í holuna niður á 142 m dýpi og borað í gegn að lokinni borun á holu 5 í ágúst 1980 (Jarðboranir ríkisins 1980), að öðru leyti er hún ekki fóðruð.

Hola 4 var boruð árið 1977 niður í 1600 m (Jarðboranir ríkisins 1977). Lagður var garður 90-100 m út í vatnið og borað á honum 30-50 m fyrir sunnan borholu 1. Holan var þrýstiprófuð og talið að meginhluti vatnsins úr holunni kæmi í hana fyrir ofan 550 m og mesti vatnsgjafinn væri í 200 m (Jens Tómasson o.fl. 1978). Holan var dælu-reynd 8/6 til 22/8 1978 og niðurstaða þeirrar dælingar gaf til kynna að hámarksafköst holunnar væru 15-16 l/s miðað við 150 m dæluþýpi (Þorsteinn Thorsteinsson o.fl. 1979). Hola 4 er fóðruð niður á 160 m dýpi. Frá því um miðjan desember 1979 hefur að staðaldri verið dælt úr henni um 13 l/s.

Hola 5 var boruð árið 1980 niður á 851 m dýpi (Jarðboranir ríkisins 1980). Gert var plan niður á vatnsbakkanum mitt á milli garðsins að holu 4 og þar sem holur 2 og 3 eru. Holan sem var þrýstiprófuð að borun lokinni er fóðruð niður í 190 m dýpi. Úr henni hefur verið dælt 14 l/s af vatni síðan í miðjum desember 1980 en þó heldur minna yfir sumarið. Í júní 1982 var settur á hana sjálfvirkur rofi sem er í sambandi við vatnshæð í miðlunartanki og úr henni dælt a.m.k. fjórðungi minna en áður að meðaltali.

Hola 6 var boruð árið 1981 niður á 877 m dýpi og er fóðruð niður á 216 m. Garðurinn að holu 4 var framlengdur 70-80 m út í vatnið og er hola 6 á enda garðsins. Að lokinni borun var holan þrýstiprófuð í 5 klukkustundir og loftdælt daginn eftir í 6 klukkustundir, en niðurstöður þeirra aðgerða bentu til óverulegra áhrifa á vatnsborð í holu 3 (Gísli Karel Halldórsson 1982).



JHD-JEF-7506-JBen./GG
83.01.0129.0D

JHD-JEF-7506-JBen.
84.09.1049-GSJ


MYND 1 Urridavatn. Afstöðumyd

3 VATNSLEIÐNI OG LEKASTUÐLAR


Ýmsar forðafræðilegar prófanir hafa verið gerðar í holunum sem taldar eru hér að framan. Er þar um að ræða ádælingar ofan og neðan pakkara og loftdælingar við borlok en einnig prófanir með djúpdælum eftir að vinnsla hófst úr holunum. Markmið prófananna hefur verið ákvörðun á vatnsleiðni og lekastuðlum jarðlaga á svæðinu, afkastagetu holanna og sambandi á milli þeirra.

Meðal fyrstu prófana sem gerðar voru á svæðinu voru ádælingar og loftdælingar úr holu 3 í janúar 1976 (Benedikt Steingrímsson o.fl. 1976). Ádæling var gerð tvisvar sinnum í holunni þ.e. með pakkara í 250 m og 452 m. Dælt var 15-19 l/s niður fyrir pakkarann í 5-8 klst. Dæling með lofti sem gerð var í lok pökkunar gaf 8 l/s. Sumarið 1978, áður en hitaveituframkvæmdir hófust, var dælt til reynslu með djúpdælu úr holu 4 í 70 daga. Vatnsmagn var 12-14 l/s en hiti $64,5^{\circ}\text{C}$ (Þorsteinn Thorsteinsson o.fl. 1979). Sambærilegar prófanir voru gerðar við borlok og virkjun holu 5 árið 1980 og að nokkru leyti í holu 6 ári síðar (Gísli Karel Halldórsson 1982). Þá voru gerðar prófanir á vinnsluholunum þremur, 4, 5 og 6, sumarið 1982 með mælingum á vatnsborði þeirra í nokkrar klukkustundir eftir að dælur höfðu verið stöðvaðar. Loks hafa því sem næst daglegir aflestrar starfsmanna Hitaveitu Egilsstaða á vatnshita, vatnsborði og vatnsmagni holanna gefið upplýsingar um langtíma hegðun svæðisins.


Vatnsleiðnistuðlar vinnsluholanna voru ákvarðaðir út frá vatnsborðsferlum holanna eftir að dælur þeirra höfðu verið stöðvaðar. Til grundvallar við túlkun var reiknað með líkani af víðáttumiklum vatnsleiðara með tregðu (skin) við holuveggi. Myndir 2, 3 og 4 sýna hækkun vatnsborðs á móti logaritma af hlutfallinu $(t_o + \Delta t)/\Delta t$ þar sem t_o er vinnslutími en Δt er tími sem liðinn er frá því dæla var stöðvuð. Greint er frá niðurstöðum prófananna í töflu 2.




MYND 2 Urríðavatn, hola-4. Hækkun vatnsborðs eftir stöðvun dælu 24. júní 1982



MYND 3 Urríðavatn, hola-5. Vatnsborð 13. júlí 1982



MYND 4 Urriðavatn, hola-6. Vatnsborð 17. nóvember 1981 eftir 7 klst. loftdælingu



MYND 5 Urriðavatn, hola-3. Hækkun vatnsborðs 22. ágúst 1978

Tafla 2 Vatnsleiðni, vatnsrýmd og tregðustuðlar

Dags.	Hola	Dýpi	Fóðring	Vatnsmagn	Vinnslutími	Vatnsleiðni	Vatnsrýmd	Tregðu-
	m	m	m	l/s	dægur	$m^2/s \times 10^{-4}$	$\times 10^{-4}$	stuðull
760122	3 ^x	1454	3	15,0	1	0,34		4,2
820624	4	1600	160	12,0	900	6,9	1,4	38,0
820713	5	851	190	13,0	550	3,2	1,7	8,6
811117	6	877	216	4,0	0,3	0,34		-5,7
8302	6	877	216	3,5	150	0,16	0,4	-4,8

(x) Lækkun vatnsstöðu eftir ádælingu neðan pakkara í 452 m

Samkvæmt töflu 2 er vatnsleiðni mest í holu 4, $6,9 \times 10^{-4} m^2/s$ en minnst í holu 6 og neðan 452 m í holu 3, $0,16 - 0,34 \times 10^{-4} m^2/s$. Tregðustuðull, sem er mælikvarði á hve mikið vatnsborð hækkar eða lækkar við vinnslubreytingar vegna tregðu við holuveggi, umfram það sem vatnsleiðnin segir til um, er einnig hæstur í holu 4 en lægri í holum 3 og 5. Í holu 6 er tregðustuðull neikvæður en það er talin vísbending um að aðrennsli til holunnar sé eftir sprungu. Hár tregðustuðull í holu 4 útilokar þó ekki að rennsli geti að einhverju leyti verið um sprungu því að orsök hans getur verið iðustreymi við holuveggi, sem er óháð vatnsleiðni en er aftur á móti háð vatnsmagni í öðru veldi.

Vatnsleiðnistuðlar milli hola voru ákvarðaðir í samræmi við vatnsborðsbreytingar í mælingaholu eftir gangsetningu eða stöðvun dælu í vinnsluholu. Til grundvallar túlkunar var reiknað út frá líkani af víðáttumiklum vatnsleiðara afmörkuðum milli tveggja ógegndræpra eða tregleiðandi jarðlaga. Mynd 5 sýnir hækkun vatnsborðs í holu 3 hinn 22. ágúst 1978, eftir að hætt var að dæla 12,5 l/s úr holu 4. Fyrstu 50-60 mínúturnar eftir að dælan var stöðvuð hækkaði vatnsborðið í samræmi við ofangreint líkan en fór eftir það að jafnast út vegna leka út úr vatnsleiðaranum. Út frá vatnsborðsferlinum má síðan ákvarða vatnsleiðni leiðarans T í m^2/s , vatnsrýmd S sem er einingarlaus stærð og lekastuðul K_1/b_1 í sek^{-1} þar sem K_1 er lekt tregleiðandi jarðlags í m/s og b_1 þykkt þess í m . Sambærileg mæling í holu 3 var gerð vegna dælingar úr holu 5 í júlí 1980 (Gísli Karel Halldórsson, 1982). Greint er frá niðurstöðum beggja mælinganna í töflu 3.


Tafla 3 Vatnsleiðni og lekastuðlar

Dags.	Vinnslu- hola	Mæli- hola	Vatnsleiðni $m^2/s \times 10^{-4}$	Vatnsrýmd $\times 10^{-4}$	Lekastuðull sek^{-1}	Leki á km^2
780822	4	3	10,0	1,5	7,10	7.1
800703	5	3	7,3	0,7	0,54	0,5

Á mynd 6 hafa niðurdráttarkeilur umhverfis holur 4 og 5 verið reiknaðar í samræmi við ofangreinda stuðla eftir líkingunni:

$$h = \frac{Q}{2\pi T} K_0 \left[r \left(\frac{K_1}{b_1 T} \right)^{1/2} \right] \text{ þar sem}$$

- h = niðurdráttur, m.
- Q = vatnsmagn, m^3/s .
- T = vatnsleiðni, m^2/s .
- r = fjarlægð frá vinnsluholu, m.
- K_1 = lekt tregleiðandi jarðlags, m/s.
- b = þykkt tregleiðandi jarðlags, m.
- K_0 = Bessel fall



MYND 6 Urriðavatn. Holur 4 og 5 við Urriðavatn
Reiknaður niðurdráttur

Í töflu 3 kemur fram að vatnsleiðni er nokkru meiri milli hola 3 og 4 en milli 3 og 5 og er það í samræmi við reiknaða vatnsleiðni einstakra hola hér að framan. Lekastuðullin K_1/b_1 sem ákvarðaður var fyrir holu 3 er hinsvegar um 13 sinnum hærri vegna dælingar úr holu 4 en úr holu 5. Leki á ferkílómeter miðað við 1 m meðalniðurdrátt í heitavatnsleiðaranum verður þannig 7,1 l/s vegna 12-13 l/s vinnslu úr holu 4 en 0,5 l/s vegna sömu vinnslu úr holu 5. Þess ber þó að gæta að niðurdráttur í holu 3 er mun minni vegna holu 4 en holu 5 og gæti vinnsla úr holu 4 því orsakað um 5 sinnum meiri leka inn í jarðhita-kerfið en sambærileg vinnsla úr holu 5.

Ýmislegt bendir til þess að líkan það sem lagt er til grundvallar reikningunum hér að ofan sé ekki raunhæft og að lekinn inn í heitavatnskerfið sé bundinn við afmörkuð svæði, t.d. sprungur í botni Urriðavatns. Má í því sambandi benda á mikinn mismun lekastuðlanna milli hola 3 og 5 annarsvegar og hola 3 og 4 hinsvegar. Þá er niðurdráttur í holu 6 vegna vinnslu úr holum 4 og 5, sem samkvæmt líkaninu gæti verið 9-10 m, í raun mun minni (sjá mynd 6).

Niðurstöður reikninganna á leka inn í heitavatnskerfið umhverfis holu 3 eru þó engu að síður vísbending um að lekinn sé mun meiri vegna vinnslu úr holu 4 en úr holu 5.


Vísbendingar um afmarkaða heitavatnsleiðara á jarðhitasvæðinu við Urriðavatn má sjá á vatnsborðsferli holu 3 dagana 17.-21. ágúst 1978, sem sýndur er á mynd 7. Reglubundnar sveiflur vatnsborðsins upp á nokkra sentimetra, fylgja í stórum dráttum breytingum á togi tungls og sólar sem sýndar eru með punktalínu á myndinni og eru reiknaðar með aðferðum Longmans (Longman 1959) fyrir flóð og fjöru í fastri jörð (earth tides). Vatnsborðið er lægst á meðan tog tungls og sólar er mest vegna útvíkkunar og þrýstingslækkunar í jarðhitageyminum. Vatnsborðið er aftur á móti hæst þegar aðdráttaraflíð er minnst vegna samþjöppunar geymisins og þrýstingshækkunar í honum. Um það bil tveggja klukkustunda tímamunur er á sveiflu vatnsborðsins og aðdráttaraflsins og fer vatnsborðssveiflan þar á undan. Sýnt hefur verið fram á (Bredehoeft, 1967) að sveiflna vegna breytinga á aðdráttarafli tungls og sólar sé ekki að vænta í opnum jarðvatnsgeymum nema e.t.v. í mun minna mæli en kemur fram á mynd 6 og þá því aðeins að þykkt geymis sé mikil en poruhluti hans lítill. Lítil áhrif loftbygðarbreytinga, sem ákvörðuð hafa verið í holu 3 (25-30%) benda að vísu til tiltölulega lítils poruhluta bergsins ef um lokaðan vatnsgeymi er að ræða, en getur hinsvegar einnig verið vísbending um að geymirinn sé að einhverju leyti opinn.

JHD-SK-7506 - P.Th.
83.03.0298 - EK.

URRIÐAVATN HOLA 3

Áhrif tungls og sólar á vatnsborð

17-21. ágúst 1978



MYND 7 Urriðavatn. HOLA 3. Áhrif tungls og sólar á vatnsborð
17. - 21. ágúst 1978

4 SÖFNUN OG EFNAGREINING VATNS

Á Orkustofnun er viðtekin venja að safna lághitavatni við stofuhita, ef gera á heildarefnagreiningu. Sýnið er þá kælt við söfnun með þar til gerðum áhöldum ef hitastig er of hátt. Mikilvægt er að greina sýrustig, koldíoxíð og brennisteinsvetni sem fyrst eftir söfnun á glertúpu og eigi síðar en á öðrum degi frá söfnun.

Safnað var vatni úr sjálfrennsli frá holu 4 í desember 1977 og janúar 1978 og einnig í desember 1978 og mars 1979. Þá var og greindur klór í vatni frá reynsludælingu 1978. Niðurstöður greininganna hafa birst í þremur greinargerðum (Jón Benjamínsson 1978; 1979; 1980) en eru birtar hér í töflum 4 og 5.

Samstarf hefur verið milli Orkustofnunar og Hitaveitu Egilstaðahrepps og Fella (HEF) um efnafræðilegt eftirlit. Af hálfu hitaveitunnar hafa verið tekin vatnssýni á plastbrúsa einu sinni í mánuði og oftar ef óskir hafa komið þar um. Í þeim var fyrst og fremst greindur klór, en síðar önnur efni. Línuleg lækkun klórs með hita auk lækkunar uppleystra efna benti til hugsanlegrar blöndunar við kalt grunnvatn (Jón Benjamínsson 1980; 1981 A; Jón Benjamínsson & Gestur Gíslason 1982). Árið 1982 voru öll eldri sýni greind að nýju ásamt nýrri sýnum. Var þetta gert til að losna við kerfisbundin frávik sem stundum verða milli mælihópa. Með þessu móti eiga að fást ákjósanlegar niðurstöður til innbyrðis samanburðar. Eru þetta samtals 124 sýni sem kísill, natríum, kalíum og flúor var endurmælt í. Aður hefur verið minnst á klórgreiningar. Niðurstöður þessara og nýrri mælinga eru birtar í Viðauka IV en þær benda til samfelldrar lækkunar allra efnanna með tíma.

Eins og kom fram í inngangi þá hafa sýni til heildarefnagreininga verið tekin tvisvar á ári, sjá töflu 6. Í töflunni eru einnig greiningar af Urriðavatni sjálfu og vatni úr holum 1 og 3. Greiningar frá því fyrir 1968 eru ekki á allan hátt sambærilegar við nýrri greiningar sökum bættrar efnagreiningatækni (Jón Benjamínsson 1981 B) og verður greiningin úr holu 1 að skoðast í ljósi þeirrar niðurstöðu.

Engar efnagreiningar eru til af vatni úr uppkomuaugum á vatnsbotninum sökum erfiðra aðstæðna við söfnun.

TAFLA 4 Niðurstöður efnagreininga á vatni úr sjálfrennsli holu 4, Urriðavatni

Dags	nr	Mældur hiti °C	pH/°C	SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	CO ₂	SO ₄	H ₂ S	Cl	F	Uppl. efni	Dagar frá byrjun dælingar
78.08.04	0045	65	9,84/21	63	67,0	0,97	6,48	<0,01	10,7	49,9	0,1	43,3	0,50	274	52
78.08.06	0057	65				0,97	6,48					42,8			54
78.08.09	0058	65				0,97	6,43					42,6			57
78.08.12	0059	65				0,98	6,26					42,3			60
78.08.16	0060	65				0,98	6,38					42,2			64
78.08.21	0061	65				0,97	6,45					41,7			69

TAFLA 5 Niðurstöður efnagreininga á vatni frá reynslu-dælingu úr holu 4 sumarið 1978

Dags	nr	Mældur hiti °C	pH/°C	SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	CO ₂	SO ₄	H ₂ S	Cl	F	Uppl. efni	Rennsli l/s
77.12.20	0200	63	9,84/23	63	66,8	1,07	7,25	0,01	8,4	57,2	0,1	46,5	0,71	272	0,87
78.01.12	0003	63	9,88/21	62	67,6	1,11	7,16	<0,01	6,6		0,1	46,2			
78.12.13	0084	64	9,86/22	64	67,7	1,12	7,04	<0,01	6,5	57,8		49,3	0,61	281	1-2 ág.
79.03.01	0033	62	9,91/22	67	72,3	1,03	6,84	<0,01	7,4	59,5	0,1	47,5	0,71	285	
79.06.25	0061		9,88/25	65	70,4	1,09	7,04	<0,01	11,7	58,4		49,6	0,70	291	1,06
79.06.29	0064	64,4	9,96/17	65	71,1	1,14	6,94	<0,01	6,7	59,0	<0,1	49,9	0,69	297	0,80

TAFLA 6 Niðurstöður heildarefnagreininga á vatni sem dælt var úr holum 4, 5 og 6 auk greininga á vatni sem rann úr holum 1 og 3 og Urriðavatni

Staður	Dags.	Nr	Mældur hiti °C	pH/°C	SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	CO ₂	SO ₄	H ₂ S	Cl	F	Uppl. efni	T _{kals.} °C	T _{feld.} °C
Urriðav.	81.08.21	0133		7,69/22	4	7,6	0,82	7,54	4,09	31,6	9,3	<0,1	11,6	0,07	59		
"-	82.03.28	0042		7,29/22	12,7	8,0	0,84	7,88	4,27	36,9	3,5	<0,1	10,0	0,05	59		
"-vök 2	82.03.28	0041		7,00/22	9,9	10,0	0,98	10,70	5,22	52,7	4,6	<0,1	11,0	0,07	65		
Hola 1	63.10.07		63	9,75/	62,8					10,8	50,7		48,4	0,65	208	60	
Hola 3	76.03.12	0025	43	9,95/20	56	63,4	0,9	5,4	0,03	8,5	47,6	<0,1	41,9	0,60	253	46	72
"-	77.12.21	0200	13	9,79/23	26	32,6	1,13	2,92	0,08				10,9	0,21	110	19	115
"-	79.03.01	0034	35		60,5	66,6	0,88	5,54	<0,01		51,2		40,8	0,62	259		69
"-	79.06.29	0065	44,2	9,85/17	59,3	67,0	0,83	5,73	<0,01	10,5	50,1	<0,1	42,8	0,62	265	56	67
"-	79.07.24	3050	39,0	9,99/22	59,2	63,4	0,9	4,9	<0,01	18,1	47,5	<0,1	42,2	0,60	249	44	72
Hola 4	80.02.16	0016	63,7	9,81/24	56,5	63,9	0,91	6,50	<0,01	11,1	50,0	<0,1	43,9	0,68	289	49	72
"-	80.07.02	0119	62,7	9,73/24	53,2	62,8	0,92	6,06	<0,01	12,3	45,9	<0,1	41,2	0,65	50	50	73
"-	81.02.04	0013	61,2	9,84/22	56,5	59,2	0,84	5,64	<0,01	12,5	44,0	<0,1	38,6	0,57	206	48	72
"-	81.08.21	0125	56,8	9,77/22	54,1	56,1	0,67	5,61	<0,01	10,3	38,6	<0,1	37,0	0,57	210	51	65
"-	82.03.28	0030	53,7	9,73/21	50,3	53,0	0,63	5,24	<0,01	18,0	34,1	<0,1	31,5	0,52	194	50	65
"-	82.08.05	0109	52,4	9,77/23	51,7	54,4	0,63	5,58	<0,01	17,2	35,0	<0,1	32,3	0,46	184	48	62
Hola 5	80.12.13	0181	56		49,6	62,5	0,76						48,6	0,62			
"-	81.02.04	0017	53,9	9,83/22	44,2	51,6	0,51	4,59	<0,01	16,3	31,8	<0,1	30,7	0,48	170	39	58
"-	81.08.21	0131	52,2	9,77/22	46,1	49,3	0,44	4,22	<0,01	18,7	27,2	<0,1	29,0	0,46	182	44	54
"-	82.03.28	0039	51,3	9,80/22	42,0	47,6	0,45	3,90	0,02	24,3	23,4	<0,1	24,5	0,38	164	38	56
"-	82.08.05	0110	50,7	9,69/23	43,5	47,3	0,68	3,41	0,01	23,4	22,9	<0,1	23,6	0,35	135	43	71
Hola 6	82.03.28	0040	60,3	10,05/22	51,6	59,3	0,53	4,62	<0,01	12,1	42,8	<0,1	32,8	0,66	206	36	54
"-	82.10.14	0165	61,3	9,70/22	52,6	60,7	0,49	5,09	<0,01		43,9		35,2	0,68	187	52	49

Aðalefni í ppm

5 NEYSLUHÆFNI - ÚTFELLING - SÚREFNI - GAS

Til neyslu er vatnið frá Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella óaðfinn-
anlegt, nema hvað hátt sýrustig gerir vatnið bragðdauft. Magn upp-
leystra efna hefur lækkað frá því sem var í upphafi. Sennilegasta
orsökin er blöndun við efnasnautt vatn, en um það verður fjallað nánar
í sérstökum kafla síðar í skýrslunni.

Nær engin útfelling hefur verið úr vatninu og það litla sem hefur
fundist er kalsít ("kalk") og í mars 1982 fannst útfellingavottur í
tappa í kyndistöðinni. Reyndist það vera eitthvert járn samband sem
trúlega er tilkomið vegna óhreininda eða laust bundinna jóna á yfir-
borði járnörö, en kyndistöðin var tekin í notkun fyrir veturinn
1982. Í greinargerðum Orkustofnunar (Jón Benjamínsson 1981 A; Jón
Benjamínsson & Gestur Gíslason 1982) hefur þess verið getið að vatnið
reiknast nálægt kalsít yfirmettun og því ráðlegt að fylgjast gaumgæfi-
lega með hvort útfelling verður úr vatninu. Tæringar hefur ekki gætt
en ítrekað skal að súrefni kemst í vatnið á leið þess frá borholum 4
og 5 að kyndikatli (Jón Benjamínsson & Gestur Gíslason 1982), en mikið
súrefni í vatninu gæti komið af stað tæringu. Súrefni var ennfremur
mælt í ágúst 1982 og er gerð grein fyrir þeim mælingum í bréfi til
Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella dagsettu 31. ágúst 1982 og benda
niðurstöður til að súrefni gangi í vatnið í miðlunartankinum. Í
töflu 7 eru birtar niðurstöður súrefnismælinga á vatni hitaveitunnar
og á mynd 8 er sýnt hvar í dreifikerfinu sýni eru tekin til mælinga.

Sýni úr holum 4 og 5 eru tekin um krana sem er rétt við hnébeygju á
aðalröri áður en það liggur út úr dæluskúrunum. Sýnatökustaður A er á
stofnæð við miðlunartank, áður en vatnið fer í tankinn og er sýnatöku-
loki ofan á rörinu. Staður B er á stofnæð við miðlunartank, þar sem
vatnið kemur úr tankinum. Lokinn er ofan á leiðslunni. Staður C er
loki sem er á hlið stofnæðarinnar inni í kyndistöðvarhúsinu, áður en
vatnið fer inn í sjálfan kyndarann. Loki D er einnig á hlið leiðslu-
unnar inni í kyndistöðvarhúsinu, eftir að vatnið hefur farið inn á
kyndarann, þ.e.a.s. ef hann er í notkun. Sýnatökustaður E er á stofn-
æðinni rétt áður en hún fer í jörð norðvestan við bækistöð vegagerðar
ríkisins og er lokinn ofan á leiðslunni. Sýnatökustaður F er inni í
dæluhúsi framan við dælu fyrir eitt af þremur dreifikerfum Egilstaða-
kaupþúns. Að Laufási 2 er tekið úr þvottahússkrana, sem er í kjallara
hússins, en að Lyngási 6-8 (Véltækni H/F) er tekið úr loka við inn-
takið.

Rúmmálshluti gass í vatninu frá holum 4 og 5 er 1-2%. Mæling á gas-
hluta í kyndistöð í mars 1982 sýndi 0.1% gashluta. Gasið er að lang-
mestu leyti köfnunarefni ($N_2 > 96\%$) sem er áþekkt því sem algengast er
á öðrum lághitasvæðum. Tafla 8 sýnir niðurstöður þeirra gasgreininga
sem gerðar hafa verið.

TAFLA 7 Mælingar á uppleystu súrefni í vatni
Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella

Staður	Dags.	Styrkur í ppm					ppb	
		800216	810203	810821	810821	820328	820805	
Hola 4		0,07	0,02	0,03	0,09 ^x	0,02	39	
Hola 5			0,02	0,03	0,09 ^x	0,01	68	
Hola 6						0,0 ^x		
Miðlunartankur A							46	
Miðlunartankur B							>100	
Kyndistöð C						0,1 ^x		
Kyndistöð D						0,1 ^x		
Stofnæð E							>100	
Dæluskúr F							41	
Lyngás 6-8							45	
Laufás 2			0,03				25	


^xMæligildi fengin með ampúlum af styrktarspönn 0,0-1,0 ppm.
Önnur gildi skv. ampúlum af styrktarspönn 0-100 ppb.
Ampúlur sem orkustofnun notar eru frá CHEMets.
Mælingar frá árinu 1982 eru gerðar eftir að miðlunartankur kom.

TAFLA 8 Samsetning og hlutfall gass í borholum 4, 5 og 6
Urriðavatni og í stofnæð HEF auk einnar greiningar
úr vök í vatninu

Staður	Dags.	CO ₂	H ₂ S	H ₂	O ₂ + Ar	CH ₄	N ₂	CO	C ₂ H ₆	Gas í vatni	
UN-4	^x 780804	0,00	0,00	0,00	0,00						
"-	800216	0,11	0,00	0,00	0,05	1,54	0,22	98,07	0	0	2,5
"-	810203	0,08	0,00	0,00	1,51		0,28	98,12			0,8
"-	810821	0,00	0,00	0,00	23,95		0,14	75,91			≤ 2
"-	820328	0,01	0,00	0,00	3,61		0,41	95,97			1,73
"-	820805	0,01	0,00	0,00	4,57		0,52	94,91			
UW-5	810204	0,09	0,00	0,00	1,71		0,14	98,02			0,8
"-	810821	0,00	0,00	0,00	1,83		0,27	97,90			
"-	820328	0,00	0,00	0,00	2,68		0,34	96,98			1,16
Valgerðarstaðaás	810204	0,42	0,00	0,00	1,50		0,22	97,85			5,7
" - "	810821	0,04	0,00	0,00	2,37		0,32	97,28			
UW-6	820328	0,00	0,00	0,00	1,95		0,23	97,82			2,64
Holtið v/veg	810204	0,13	0,00	0,00	1,61		2,24				<0,7
Vök 2	820328	0,17	0,00	0,00	8,00		0,49	91,34			

Allar tölur eru hlutfallstölur (%).

^x Tekið við sjálfrennsli og greint á orsat. Önnur sýni greind með gaskrómatograf.



MYND 8 Einfölduð mynd af veitukerfi HEF er sýnir hvar í kerfinu uppleyst súrefni í vatni hefur verið ákvarðað

6 SAMSETUR OG UPPRUNI JARÐHITAVATNS

Í öllu vatni sem er úrkoma að uppruna og hefur ekki orðið fyrir meiri-háttar "áreynslu", svo sem suðu eða hvörfun í langan tíma við berg, er samband milli vetnissamsætna (δD) og súrefnissamsætna ($\delta^{18}O$). Craig (1963) mældi samsætur í vatni um víða veröld og sýndi fram á að lýsa mætti sambandi súrefnis- og vetnissamsætna í úrkomu með jöfnunni $\delta D = 8\delta^{18}O + 10$, háð breiddargráðu, landhæð og fjarlægð frá sjó. Vatnssýni úr borholum 4 og 5 að Urriðavatni ásamt vatni úr útrennsli Urriðavatns voru send í samsætugreiningu til Japans. Mælt var hlutfall milli $^{18}O/^{16}O$ þ.e. $\delta^{18}O$ í súrefni og D/H þ.e. δD í vetni. Samsetning samsætnanna í vatni er gefin upp sem δ , þar sem δ er frávik í þúsundasta hluta af $^{18}O/^{16}O$ eða D/H hlutfalli frá staðalgildum (SMOW = Standard Mean Ocean Water) í sjó, það er

$$\delta (^{\circ}/_{\text{oo}}) = \frac{R_{\text{sýni}} - R_{\text{SMOW}}}{R_{\text{SMOW}}} \cdot 10^3$$

Í úrkomu eru gildin alltaf með neikvæðu formerki. Í töflu 9 eru niðurstöður fyrrnefndra samsætumælinga svo og mælingar á vatnshita og klór- og flúorstyrk sömu sýna.

Mismunandi samsætur hafa breytilegan þunga, og veldur það því að úrkoma með léttari samsetningu verður meira ráðandi eftir því sem hún fellur á herra land og lengra frá sjó. Mynd 9 sýnir tengsl vetnis- og súrefnissamsætna í borholum 4, 5 og Urriðavatni ásamt "úrkomulínu" og fráviksgildum fengnum úr ritgerð Braga Arnasonar (1976). Þar sést að sýni úr holu 4 fylgja úrkomulínunni og í töflu 9 má sjá að þegar samsætugildin stefna á Urriðavatnsgildið, lækkar styrkur klórs og flúors. Þetta bendir til þess að kólnunin í holu 4 stafi af blöndun við jarðhitavatn sem fallið hefur sem rigning á vatnasviði Urriðavatns. Gildin fyrir holu 5 eru á og við línu sem dregin er milli gilda fyrir holu 4 og Urriðavatn (mynd 9). Þetta er ennfremur sýnt á mynd 10 A,B,C og D en þar eru jafnframt dregnar bestu línur gegnum samsætugildin á móti klór og flúor. Sést þar, að línan fellur ekki beint á gildið fyrir Urriðavatn, en gögnin eru svo takmörkuð, að varla er hægt að draga af því algilda ályktun.


Eins og áður hefur verið getið er samsætuhlutfallið í regni háð þeim stað sem rignir. Því herra og lengra inn til landsins sem úrkoman fellur þeim mun léttara er vatnið í henni. Bragi Arnason (1976) dró upp kort með jafngildislínur fyrir tvívetnislutfall (Deuterium) í úrkomu á Islandi. Mynd 11 er byggð á þessu korti Braga en inn á hana er fært afmarkað svæði (sýnt skástrikað á korti) sem á að sýna hvar jarðhitavatnið við Urriðavatn hefði hugsanlega getað fallið sem úrkoma miðað við δD -gildin í töflu 9. Ætla má því að jarðhitavatnið hafi

fallið sem úrkoma á svæði í og við norðausturhorn Vatnajökuls og beinst þaðan til Urriðavatns, þar sem skilyrði til uppstreymis eru fyrir hendi.

TAFLA 9 Mælingar á samsætum, klór og flúor í vatni frá borholum 4, 5 og útrennsli Urriðavatns


Sýnatökustaður	Dags.-númer sýnis	°C	δD ‰	$\delta^{18}O$ ‰	Cl ppm	F ppm
Útrennsli	810821-0133	4	-62,8	- 8,2	11,0	0,07
Hola 4	780112-0003	63	-93,6	-13,5	44,6	
" "	781213-0084	64	-96,0	-13,7	49,3	0,61
" "	810821-0125	56,8	-87,1	-12,3	37,0	0,57
" 5	810216-0038	53,2	-83,7	-12,1	30,3	0,48
" "	810821-0131	52,2	-84,7	-11,7	29,0	0,46

Samsætur voru mældar á rannsóknastofu Próf. H. Sakai í Japan 1981.




MYND 9 Tengsl vetnis- og súrefnissamsætna í borholum 4 og 5 og Urriðavatni

JHD-JEF-7506-J.Ben./GG.
83.01.0046.T.



MYND 10A Súrefnissamsætur á móti klór í Urriðavatni og borholum 4 og 5

JHD-JEF-7506-J.Ben./GG.
83.01.0048.T.




MYND 10B Vetnissamsætur á móti klór í Urriðavatni og borholum 4 og 5

JHD-JEF-7506-J.Ben./G.G.
83.OI.0045. T.

URRIÐAVATN

Súrefnissamsætur á móti flúor

○Hei 4 □Hei 5 ▲Kelt grunnvatn




MYND 10C Súrefnissamsætur á móti flúor í Urriðavatni og borholum 4 og 5

JHD-JEF-7506-J.Ben./G.G.
83.OI.0047. T.


URRIÐAVATN

Vetnissamsætur á móti flúor

○Hei 4 □Hei 5 ▲Kelt grunnvatn



MYND 10D Vetnissamsætur á móti flúor í Urriðavatni og borholum 4 og 5



MYND 11 Dreifing Deuterium í úrkomu á Austurlandi og hugsanleg upptök jarðhitavatsins við Urriðavatn

7 EFNÁHITI

Við jarðefnafræðilega túlkun er oftast gert ráð fyrir að í jarðhita-kerfum ríki efnajafnvægi milli vatns og bergs sem stjórnist af ríkjandi hitastigi í jarðhitakerfinu. Þegar vatn úr þessum kerfum streymir til yfirborðs má gera ráð fyrir hraðri kælingu þess í efri jarðlögum. Ef gert er ráð fyrir að uppstreymi sé það hratt að uppleyst efni í vatninu nái ekki að falla út má líta svo á að þessi efni endurspegli hitastigsháða efnajafnvægið sem ríkir milli bergs og vatns niðri í jarðhitakerfinu. Svonefndur efnahiti byggir á þessari forsendu, en hann er reiknuð stærð (í °C), notuð til að segja fyrir um hitastig jarðhitageymisins. Allgóður árangur hefur fengist á notkun kísilhita hérlendis, en þó hefur reynslan sýnt að þar sem sýrustig er mjög hátt ($\text{pH} > 9,8$) hentar þessi efnahiti ekki og hitastig reiknast lægra heldur en hitastig mælt í vatninu sjálfu. Hefur þá sýnt sig í sumum tilvikum að feldspathiti er betri nálgun, en hann sýnir þó oftast nær of háan hita fyrir vatn sem ekki hefur náð 70-80°C hita. Aftast í töflu 6 er skráður útreiknaður efnahiti samkvæmt jafnvægi við kalsedón (kísilhiti) og Na/K feldspata.

Sýrustig er mikilvæg breytistærð í útreikningi kísilhita en til þess að hún sé marktæk þarf að mæla sýrustig af sérstakri söfnunartúpu innan ákveðins tíma frá söfnun. Við Urriðavatn hefur einungis verið safnað á slíka túpu um leið og sýni hafa verið tekin til heildarefnagreiningar og er þar skýringin á því hversu sjaldan kísilhiti hefur verið reiknaður út.

Kísilstyrkur í holunum er dreginn upp á móti tíma á mynd 12F. Þar af má draga þá ályktun að styrkur kísils sé nokkuð sveiflukenndur. Þó má merkja nær samfellda lækkun kísils í holu 4 frá því í apríl 1981, úr 59 ppm niður í 50 ppm í október 1982. Lækkunar í kísilstyrk gætir einnig í holu 5. Reiknaður kísilhiti (jafnvægi við kalsedon) fyrir holur 4 og 5 er á mynd 13A lagður út á móti mældum hita. Í ljós kemur að kísilhitinn reiknast í öllum tilvikum lægri heldur en mældur hiti og er því ónothæfur sem marktækur efnahiti í þessu tilviki. Þessir annmarkar á notkun kísilhita eru þekktir fyrir vatn af blágrýtisvæðum, með sýrustig $\text{pH} > 9,8$ eins og mælist í vatninu úr borholunum.


Feldspathiti er fundinn með því að bera logaríðmann af efnahlutfallinu Na/K (í mólum) saman við gildi sem fengist hafa við tilraunir á jónaskiptum þessara efna í feldspatalausn (Helgeson 1969). Bæði efnin natrium og kalíum hafa verið greind í öllum sýnum úr holu 4 (sjá myndir 12C og 12E) og er innbyrðis fylgni þeirra sámileg (sjá mynd 14). Feldspathitinn reiknast á bilinu 65°C til 74°C og fer lækkandi með tíma og fallandi hitastigi vatnsins. Lína reiknuð fyrir feldspathita í holu 4 á móti mældum hita er $T = 0,47t + 39,5$ (T = feldspathiti í °C, t = dagafjöldi frá því dæling hefst)

fyrir 26 mælingar og staðalfrávik er $1,3^{\circ}\text{C}$. Gera má ráð fyrir því að bein blöndun grunnvatns t.d. með efnasamsetningu Urriðavatns, saman við jarðhitavatnið myndi leiða til hækkunar í kalíumstyrk og lækkunar á natríumstyrk. Það leiðir svo til lægra Na/K- hlutfalls sem gæfi hærri feldspathita. Natríum og kalíum hefur einnig verið greint í öllum sýnum úr holu 5 en innbyrðis fylgni er lakari heldur en í holu 4. Feldspathiti í holu 5 reiknast 1°C til 5°C hærri en mældur hiti. Mynd 13B sýnir feldspathita á móti mældum hita í sömu sýnum og kísilhiti hefur verið reiknaður fyrir holu 4 og holu 5. Feldspat-hitinn er hærri heldur en mældur hiti vatnsins úr báðum holunum og er það í samræmi við fengna reynslu af vatni sem hefur hvarfast við berg með áþekkan hita og er að Urriðavatni.


Af því sem hér hefur verið sagt á undan er ljóst að kísilhiti hentar ekki til að segja fyrir um hita jarðhitakerfisins við Urriðavatn né blöndun frá Urriðavatni. Óvíst er hvort feldspathiti er trúverðugur efnahiti vegna gruns um íblöndun frá kaldara vatni. En það, að hækkun verður ekki á feldspathita samfara kólnun, má skoða sem vísbendingu um að kólnunin stafi ekki af beinni íblöndun kalds grunnvatns við heita vatnið í holunni. Þá er átt við að grunnvatnið hafi náð að hitna upp úti í berginu og hvarfast við það áður en það blandast jarðhitavatninu sjálfu.

Athuganir á efnasamsetningu bakvatns með tíma á Reykjum í Mosfells-sveit og Þóroddsstöðum í Ölfusi styðja þessa hugmynd en þar kom í ljós að það tók mjög skamman tíma fyrir helstu efni ásamt sýrustigi að ná áþekkingu gildum og eru í vatninu sem dælt er úr holunum (Jón Benjamínsson & Jens Tómasson 1980).


JHD-JEF-7506-J.Ben./G.G.
83.01.0059. T.




MYND 12A Urriðavatn. Efnainnihald í borholum 4, 5 og 6.
Breytingar með tíma (Hitastig á móti tíma)




MYND 12B Urriðavatn. Efnainnihald í borholum 4, 5 og 6.
Breytingar með tíma (Klór á móti tíma)




MYND 12C Urriðavatn. Efnainnihald í borholum 4, 5 og 6.
Breytingar með tíma (Natríum á móti tíma)




MYND 12D Urriðavatn. Efnainnihald í borholum 4, 5 og 6.
Breytingar með tíma (Flúor á móti tíma)




MYND 12E Urriðavatn. Efnainnihald í borholum 4, 5 og 6.
Breytingar með tíma (Kalíum á móti tíma)



MYND 12F Urriðavatn. Efnainnihald í borholum 4, 5 og 6.
Breytingar með tíma (Kísill á móti tíma)



MYND 13 Urriðavatn. Efnahiti vatns frá borholum 4 og 5



MYND 14 Urriðavatn. Kalíum á móti natríum í holum 4 og 5

8 KÓLNUN

Á mynd 12A má sjá hvernig hitastig í borholum 4 og 5 hefur fallið með tíma. Hitastig í holu 4 er sýnt frá ársbyrjun 1980 en frá miðjum desember 1980 fyrir holu 5. Frá þeim tímum hefur varmaafli miðað við nýtingu niður í 37°C lækkað um 2/5 hluta í holu 4. Í holu 5 hefur nýtanlegt varmaafli lækkað sem nemur um 1/3 hluta. Verður hér á eftir reynt að draga fram alla samhangandi þætti sem hugsanlega geta varpað ljósi á orsök kólnunarinnar.

Hiti vatnsins sem kom á fyrstu klukkustundum dælingar úr holu 4 var 68°C en féll fljótlega niður í 64°C. Annars má skipta hitastigslækkun í holu 4 í fjögur tímabil. Í fyrsta lagi er tíminn frá byrjun samfelldrar dælingar um áramót 1979/1980 og til þess tíma sem farið var að dæla úr holu 5 í desember 1980. Á þessu tímabili var kólnunarhraði vatnsins um 2°C/ári. Í öðru lagi frá miðjum desember 1980 fram að apríl 1981 en á því tímabili fellur hitastig ekkert, þ.e. fyrstu 2-3 mánuðina eftir að hola 5 er tekin í notkun. Í þriðja lagi frá miðjum mars til júlí 1981 að hitafallshraði samsvarar 13,2°C/ári. Í fjórða lagi frá því í júlí 1981 til október 1982 hefur hraði hitalækkunar í holu 4 verið 3,9°C/ári.

Í holu 5 féll hitinn um 2°C fyrstu dagana sem dælt var úr holunni í desember 1980 (mynd 12A) en holan var tengd hitalögninni í janúar 1981. Hitinn hefur haldið áfram að falla með hraða sem reiknast um 2°C á ári.

Á mynd 12A má sjá að mjög hægist á hitafallinu mánuðina júlí, ágúst og september bæði 1981 og 1982 og hitinn hækkar jafnvel um gráðubrot í holu 5. Ef til vill má rekja þetta til breyttrar grunnvatnsstöðu á svæðinu. Vatnshæð Urriðavatns var 1981 lægst í júlí og ágúst en 1982 í júní, júlí, ágúst og fram í miðjan september. Vatnshæðin mun þá hafa verið allt að 2 m lægri en þegar mest er í vatninu á öðrum árstímum (Baldur Einarsson, munnl. uppl. 1982). Einnig má benda á að 1981 var dælt 1 l/s minna úr holu 4 og a.m.k. 2 l/s minna úr holu 5 yfir sumarmánuðina heldur en á öðrum árstímum, en þá er dælt um 13 l/s úr holu 4 en um 14 l/s úr holu 5. Á árinu 1982 var hinsvegar byrjað að hvíla holu 5 nokkra klukkutíma í einu í maí og júní. Settur var sjálfvirkur rofi á dæluna þá um sumarið og fer hún nú í gang þegar komið er niðurfyrir ákveðna vatnshæð í miðlunartankinum og stöðvast þegar hann er fullur. Reiknast svo til að þessi hvíld á holu 5 sumarið 1982 jafngildi 12,3 l/s dælingu í júní, 10,8 l/s í júlí, 11,3 l/s í ágúst og 9,8 l/s í september en þetta jafnar sig upp með að vera 11 l/s að jafnaði. Þá var og hola 6 tekin í notkun 25. ágúst 1982 og fengust úr henni í október 1982 um 5 l/s af rúmlega 61°C heitu vatni.


Mynd 15 sýnir hitastig á móti tíma í holu 4 frá júní 1981 og í holu 5

frá ársbyrjun 1981. Dregnar eru bestu línur gegnum punkta beggja holanna. Aðrar tvær línur eru síðan dregnar með því að hliðra hinum tveimur á síðast mældu hitagildin og eiga að spá fyrir um líklega hitalækkun í holunum. Áhrif minni dælingar úr holu 5 í sumar eru ekki fullljós ennþá en hægt hefur á hitafallinu í báðum holum, einkum holu 5. Líklegt er að minnkunin hafi leitt til minni kælingar bergmassans og í ljósi þess er línunum hliðrað. Þá fæst að á miðju ári 1984 verður vatnið í holu 4 orðið 45°C en um mitt ár 1986 í holu 5. Fylgnistuðull fyrir 19 mæld gildi í holu 4 er $r = -0,968$ og fyrir 23 mæld gildi í holu 5 er $r = 0,984$.

JHD-JEF-7506-J.Ben./GG.
83.01.0051. T.

URRIÐAVATN

Spá um hitafall miðað við núverandi afköst ◯Hole 4 ◻Hole 5



MYND 15 Urriðavatn. Spá um hitafall miðað við núverandi afköst.

9 BLÖNDUN

Klóríðjónir í vatninu ganga mjög treglega inn í steintegundir sem verða til við ummyndun. Þetta þýðir að nánast sami klórstyrkur er í vatninu þegar það kemur til yfirborðs og var í jarðhitakerfinu. Verði breytingar í klórstyrk koma eftirtaldar orsakir til greina:


Íblöndun. Við íblöndun sjávar eykst klórstyrkur verulega og verður vart lítillar blöndunar í ört hækkandi klórstyrk þar sem í sjó er um 18000 ppm klór en algengasti klórstyrkur í jarðhitavatni er á bilinu 15-75 ppm. Kalt grunnvatn hefur almennt lægri klórstyrk en jarðhitavatn þannig að íblöndun þess lækkar klórstyrk. Kalt grunnvatn er oft með um 10 ppm klórstyrk þannig að erfitt getur verið að segja til um íblöndun þess nema hún sé þó nokkur.

Útskolun úr bergi. Eins og áður sagði, er klórstyrkur í jarðhitavatni ekki hitastigsháður en ræðst hins vegar af snertingu bergs og vatns. Streymi jarðhitavatn t.d. um sölt jarðlög má búast við allnokkurri hækkun í klórstyrk.

Mynd 16 sýnir sambandið milli hitastigs og klórs í holu 4 og 5. Þar er sýnum úr holu 4 skipt í tvo hópa. Hringir tákna sýni tekin frá upphafi dælingar 1980 til þess tíma er dæling hófst úr holu 5 í desember það ár. Ferningar tákna sýni tekin úr holu 4 í apríl 1981 og síðar. Sýni úr holu 5 eru táknuð með þríhyrningi. Einnig eru á myndinni gildi fyrir Urriðavatn, táknuð með krossi. Á fyrstu 11 mánuðunum dælingar úr holu 4 lækkaði hitinn nær línulega úr 63,9°C niður í 61,2°C eða um 2,7°C. Klórstyrkur lækkaði samhliða úr 45 ppm í 40 ppm, (fylgnistuðull $r = 0,76$). Þegar dæling hófst úr holu 5 urðu þær breytingar í holu 4, að hitinn hélst stöðugur í liðlega 61°C í næstu 4 mánuði (sjá mynd 12A). Ennfremur jókst styrkur klórs samfelldt úr 41 ppm upp í 44 ppm á um hálfum mánuði, en féll síðan að nýju, og þá örar en áður. Í mars byrjaði svo hitastig að falla á ný í holu 4 og nú hraðar en áður og hafði fallið um 3,4°C í júlíbyrjun en þá hægði mjög á hitalækkuninni. Af framansögðu er ljóst, að á þessu þriggja mánaða tímabili (desember 1980 til mars 1981) raskaðist það línulega samband sem verið hafði fyrstu 11 mánuðina milli klórs og hita í holu 4. Frá miðjum mars 1981 komst aftur á línulegt samband milli klórs og hita í holu 4 og er fylgnistuðull $r = 0,92$ til síðustu mælinga í október 1982. Hraði hitafallsins þennan tíma er 3,9°C/ári en var fyrir breytingarnar 2°C/ári. Reiknuð lína fyrir klór á móti hita í holu 5 hefur fylgnina $r = 0,97$ sem þýðir að sterkt línulegt samband er á milli þessara stærða.

JHD-JEF-7506-J.Ben./G.G.
83.01.0052. T

URRIÐAVATN Hití á móti klór



